

Velferðarsvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík
b.t. nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. desember 2023

Efni: Umsögn Arkitektafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 509. Mál.

Arkitektafélag Íslands fagnar gerð húsnæðisstefnu stjórnvalda og þá sérstaklega að tiltekið er að stefnan muni taka mið af samþykktum stefnum stjórnvalda á öðrum málefnasviðum eins og nýsamþykktu aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs 2023-2026, loftslagsstefnu stjórnvalda og heimsmarkmið S.Þ, sem og að íbúðir sem byggðar eru með opinberum stuðningi styðji við hugmyndafræði Nýju norrænu kolefnishlutlausu Bauhaus-hreyfingarinnar.

Lykilviðfangsefni mannvirkjastefnu er lýst í 8 liðum í tillögu að húsnæðisstefnu og aðgerðaráætlun stjórnvalda í kafla III. Þar kemur m.a. fram að unnið verði að:

(1) stöðugleika á húsnæðismarkaði þar sem fjölbreytt framboð íbúða mæti þörf.

Arkitektafélagið vill í því samhengi benda á þörf á ítarlegum lýðfræðigreiningum til þess að varpa ljósi á raunverulega þörf, sem og skoða regluverk sem e.t.v. vinnur gegn markmiðum um stöðugt framboð á húsnæðismarkaði.

(2) skilvirkri stjórnarsýslu á sviði húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsmála.

Félagið bendir á að skýrar reglur og viðmið í bygginga- og skipulagsmálum efla skilvirkni en óljós viðmið og markmiðsákvæði byggingareglugerðar draga úr skilvirkni. Þannig er afregluvæðing bygginga- og skipulagsreglugerða ekki endilega til þess fallin að efla skilvirkni.

(4) húsnæðisöryggi og jafnrétti landsmanna í húsnæðismálum með félagslegum jöfnuði og blöndun byggðar.

(6) markvissum húsnæðisstuðningi sem sé afmarkaður við þá sem standi höllum fæti á húsnæðismarkaði.

Arkitektafélag Íslands bendir á að húsnæði er grunnþörf mannsins. Húsnæðismál eru allt í senn velferðarmál, efnahagsmál, umhverfismál og lýðheilsu- og lífshæðismál og er vandfundinn sá málaflokkur sem hefur meiri áhrif á þróun samfélags til skemmri og lengri tíma en húsnæðismál. Jafnrétti í húsnæðismálum og félagslegum jöfnuði verður ekki náð fyrr en allir landsmenn búa við öruggt og gott húsnæði sem mætir þeirra þörfum. Ef miðað á húsnæðisstuðning við þau sem höllum fæti standa, þarf að tryggja það að húsnæðisstuðningurinn nægi til þess að byggja íbúðir sem skera sig ekki neikvætt út úr umhverfi sínu. Húsnæði byggt með opinberum stuðningi er fjárfesting samfélags til framtíðar. Fagnar Arkitektafélagið því markmiðum um að líta eigi til Norrænu Bauhaus-stefnunnar en minnir á í leiðinni að grunnæði íbúðanna og hönnun er að minnsta kosti jafn mikilvæg og að húsnæðisgeiri íbúða, byggðar með opinberum stuðningi, verði vistvænar. Með því móti er stuðlað að félagslegum jöfnuði og betri blöndun byggðar þar sem allir geta búið með reisn.

(8) sjálfbærri þróun, gæðum og rekjanleika í mannvirkjagerð.

Arkitektafélagið bendir á að gæði á öllum sviðum mannvirkjagerðar, frá hönnun til framkvæmdar ásamt rekjanleika og skýrri ábyrgð hluteigandi aðila, stuðla að sjálfbærari þróun með minna kolefnisspori. Því eins og segir í gamla máltækinu lengi býr að fyrstu gerð, og danska Arkitektafélagið hefur sannreynt, þá er líftímakostnaður og afleiddur kostnaður vel hannaðra bygginga minni en ella.

Áskorun Arkitektafélags Íslands til áframhaldandi vinnu

Húsnæðismál eru mikilvægur málaflokkur sem fagfélag arkitekta á Íslandi hefur bæði miklu þekkingu og reynslu á. Arkitektafélag Íslands lýsir yfir miklum áhuga og vilja til að koma fyrir að borði í allri vinnu hins opinbera er snýr að húsnæðismálum, með setu í stýrihópum og öðrum nefndum, og skorar á innviðaráðuneytið að verða við þeirri ósk. Með beinni þátttöku allra þekkingaraðila að jafn mikilvægari vinnu og húsnæðismál eru teljum við ljóst að vinnan verði betri og tíma og peningum betur varið, samfélaginu öllu til heilla.

f.h. laganefndar Arkitektafélags Íslands,

Guðlaug Erna Jónsdóttir arkitekt FAÍ

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt FAÍ

Hrafnhildur Sverrisdóttir arkitekt FAÍ